

## REGLUR

### um breytingu á reglum um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri, nr. 1010/2016.

#### 1. gr.

4. gr. reglnanna orðast svo:

Við Háskólann á Akureyri starfar föst þriggja manna dómnefnd, sbr. 19. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009, sbr. og 4. gr. reglna nr. 258/2016 um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

Hlutverk dómnefndar hvað varðar framgangsmál er eftirfarandi:

- a. að meta hvort umsækjendur um framgang uppfylla þau skilyrði sem sett eru um það starfsheiti sem við á samkvæmt ákvæðum 2. og 6. gr. reglna þessara, 19. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009 og sérreglna einstakra fræðasviða,
- b. að meta árangur og virkni umsækjanda í starfi sínu og veita rektor Háskólans á Akureyri álit um hvort mælt sé með því að framgangur verði veittur.

Í framgangsmálum skal rektor skipa sérfræðing á viðeigandi fræðasviði sem starfar með dómnefnd.

Auk þess skal dómnefnd afla umsagna tveggja viðurkenndra utanaðkomandi sérfræðinga á fræðasviði umsækjandans, nema nefndin telji að umsækjandi uppfylli ekki lágmarksskilyrði skv. a-lið 2. mgr. Dómnefnd er heimilt að leita út fyrir þann hóp utanaðkomandi sérfræðinga sem umsækjandi nefnir í umsókn sinni, sbr. 3. gr. Tilkynna skal umsækjanda og forseta viðkomandi fræðasviðs hvaða sérfræðingar muni veita álit. Dómnefnd er heimilt að óska eftir upplýsingum um mat á fyrri störfum umsækjanda frá stjórnslu háskólans.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 20. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 16. júní 2021.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2021